



Reykjavík, 14. september 2021

Fréttatilkynning

Nikolay Mateev endurkjörinn í stjórn Evrópska Skyllingasambandsins (EFC) og var endurskipaður varaforseti EFC til næstu þriggja ára

Kosningaþing Evrópska Skyllingasambandsins var haldið þann 10-11 september í Sochi, í Rússlandi. Nikolay Ivanov Mateev formaður Skyllingasamband Íslands, var fyrst kjörinn í framkvæmdastjórn Evrópska skyllingasambandsins (EFC) árið 2009 og hefur setið í stjórn sambandsins óslitið síðan.

Stanislav Pozdnyakov frá Rússlandi var endurkjörinn forseti EFC, hann er fjórfaldur Ólympíumeistari í skyllingum. Stanislav Pozdnyakov er einnig forseti Ólympíunefndar Rússlands.

Á þinginu voru margir góðir gestir en þar má nefna: Spyros Capralos frá Grikklandi, forseti Evrópusamband Ólympíunefnda (EOC), Emmanuel Katsiadakis frá Grikklandi, framkvæmdastjóri Alþjóðaskyllingasambandsins (FIE), Krisztján Kulcsár forseti Ólympíunefndar Ungverjalands, Mihai Covaliu forseti Ólympíunefndar Rúmeníu.

Nikolay hefur setið í nefnd Alþjóðaskyllingasambandsins (FIE) um kynningar-, samskipta- og markaðsmál allt frá árinu 2008 og er núverandi formaður þeirrar nefndar.

Það er mikill fengur fyrir íslenska skyllingahreyfingu að hafa Nikolay í þessum embættum og heiður fyrir íslenska íþróttahreyfingu að eiga fulltrúa í æðstu stjórn skyllingaíþróttarinnar í Evrópu og heiminum.

Eftirtaldir aðilar skipa stjórn EFC 2021 – 2024

Stanislav Pozdnyakov (RUS), forseti

Nikolay Mateev (ISL), varaforseti

Nuala Mc Garrity (IRL), gjaldkeri

Jacek Slupski (POL), framkvæmdastjóri

Ana Valero – Collantes (SWE)

Anna Ferraro (ITA)

Dieter Lammer (GER)

Etienne Vann Cann (NED)

Gabor Boczko (HUN)

Metaxia Smaili (GRE)



SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skyldingar.is



Frá vinstri: Nikolay Mateev (ISL), Stanislav Pozdnyakov (RUS) og Jacek Slupski (POL)



Stjórn EFC